

## Sjöundi dagurinn

Jonatan Habib Engqvist

Folder in conjunction with Exhibition *Genesis*  
at Hallgrímskirkja Reykjavík, Iceland

Ómak sköpunarinnar er síendurtekið stef í verkum Erlu S. Haraldsdóttur. Árum saman hefur hún búið til hulin kerfi sem hún notar við listræna sköpun sína. Það kemur til af því að henni virðast eigin verk vera ferlisknúin og því dregur hún í efa rómantísku hugmyndina um „guðlegan innblástur“ og þá skyldu ranghugmynd að listamaður geti skapað *ex nihilo* (úr engu). Grundvöllur listrænnar vinnuaðferðar Erlu hefur verið fólgin í því að skapa rými listræns frelsis með því að setja sér mörk. Til þess að draga mörkin hefur hún til dæmis nýtt fyrirmæli frá vinum eða kerfi sem sköpuð voru fyrir viðkomandi verkefni. Í seinni tíð hafa verk hennar ósjaldan verið samsuða úr listasögulegum tilvísunum sem um leið varpar fram efasemdum um forræði vestrænnar listar í. Í þessari myndaröð, sem gerð var sérstaklega fyrir sýninguna í Hallgrímskirkju, sækir Erla í sköpunarsögu eingyðistrúarbragða. Sköpunarsagan er þekkt stef í kirkjulistásögunni og fyrirfinnst jafnt í pöntuðum sem og sjálfstæðum verkum lista- og handverksmanna gegnum aldirnar.

Safn miðaldaíkonagrafíu í íslenskum teikningum frá tímabilinu 1330–1500 liggur til grundvallar myndaröðinni. Á miðöldum og í upphafi endurreisnar settu flestir listamenn saman módelbækur, svonefndar *exempla*. Fáar þessara bóka hafa þó varðveist, einungs er vitað um tilvist þrjátíu slíkra miðaldahandrita í Evrópu. Á Norðurlöndum hefur aðeins eitt handrit varðveist: *Íslenska teiknibókin* sem

var nýlega endurútgefnin. Myndaröð Erlu byggir á sjö teikningum sem lýsa hinum sjö dögum sköpunarsögunnar eins og þeir eru túlkaðir í *Íslensku teiknibókinni*. Erla eignar sér formgerð og viðfang hvernar teikningar fyrir sig og mynstrið sem finna má í kringum teikningarnar, einkanlega þó umgerð sem endurspeglar upphafstíma íslamskrar listar og er ennfremur að finna í tarotspilum. Erla hefur smíðað sína eigin sköpunarsögu með því að nota umgerð teikninganna sem skorður fyrir eigin myndaröð. Með djörfu litasamspli þeirrar þykku málningar sem einkennir stíl hennar notar hún sköpunarsöguna til sköpunar.

Í málverkum Erlu rennur mynstur umgerðarinnar auk þess saman við mynstur sem Ndebele þjóðflokkurinn í Suður-Afríku notar í perluskreytingum og veggmyndum sínum. Líkt og í flestum málverkum Erlu má hér greina fjölmörg einkenni og skírskotanir í listasögulega úrvalsstefnu, þar á meðal í fornar egypskar lágmyndir, gyðinglega dulhyggju, veggmálverk Michelangelos, tréskurðarmyndir Katsushika Hokusai, dulræna graflist Williams Blake og landslagsmyndir Þórarins B. Þorlákssonar. Þessar vísanir er jafnframt að finna í mörgum málverkum Erlu frá undanförunum árum, en í verkum hennar skjóta þær reglulega upp kollinum í ýmsum búningum.

*Genesis* samanstendur af sex málverkum í stærðinni 150 x 90 sm, það sjöunda er 150 x 180 sm. Þau sýna kunna þætti úr sköpunarsögu jarðar

## Sjöundi dagurinn

Jonatan Habib Engqvist

Folder in conjunction with Exhibition *Genesis*  
at Hallgrímskirkja Reykjavík, Iceland

og kynna okkur um leið fyrir torráðnum þáttum í heimi Erlu: endurspeglunum, spegilmyndum vatns, hitabeltisplöntum, fálkum og fiskum sem blandast saman við helgimyndastef listasögunnar, íslenskt landslag og ljósmyndir úr einkasafni listamannsins. Sérhvert málverk er unnið ofan á undirliggjandi grunnmálverk sem kallar fram samspil lita sem virðast lýsa innan frá. Myndirnar sem Erla kynnir til sögunnar eru hlaðnar upplýsingum og miðla ríkulegu samansafni sjónrænna myndlíkinga. Samt sem áður er áþreifanleg kyrrð yfir sköpunarsögu Erlu, sem er á skjön við síendurtekna hefð listaverka sem gera sköpunarsögunni skil. Sjöundi dagurinn í *Íslensku teiknibókinni* sýnir Guð sem er upptekinn við það að blessa, meðan *Ancient of days* eftir William Blake sýnir skaparann mæla himingeiminn með guðlegum áttavita, málverkin sex eftir Michelangelo í lofti sextánda kapellunnar sniðganga hvíldardaginn, en Erla gerir sjöunda daginn að hápunkti myndaraðar sinnar. Strigi sjöunda málverksins, sem er helmingi stærri en hin sex málverkin, nær með stærð sinni að verða „altaristafla“ og þungamiðja sýningarinnar. Mótíf þessa lykilverks byggir á letilegri snjallsímaljósmynd af fótleggjum listakonunnar sem er rúmliggjandi. Í bakgrunni má líta hversdagsleika draslaralegrar íbúðar ásamt klunnalega stórum ramma sem hangir á vegg. Almenn guðfræði stillir hugmyndinni um *creatio ex nihilo* upp sem andstæðu *creatio ex materia* (sköpun úr eilífu efni sem þegar var

til) og *creatio ex deo* (sköpun úr veru Guðs). Með lokaverki myndaraðarinnar virðist Erla þó gefa í skyn samspil sköpunarhugmyndanna þriggja. Rússneski málarinn Kazmir Malevich hélt því fram að leti hefði verið álitin móðir allra lasta, en að í raun bæri að líta á hana sem „móður lífsins“. *Lof letinnar* (1993) eftir króatíska konseptlistamanninn Mladen Stilinovic lýkur að sama skapi á orðunum: „það er engin list án leti“. Með svipuðum hætti virðist Erla gefa í skyn að sjöundi dagurinn sé ekki verðskuldaður hvíldardagur eftir vel unnið verk – heldur fremur dagur sköpunarinnar.